



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Mennta- og menningarmálaráðun.  
Sölvhólsgötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík 16. nóvember 2020

2011027SA KB  
Málalykill: 00.64

**Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, mál nr. S-233/2020**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 3. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreint frumvarp. Tilfni frumvarpsins er að gera nauðsynlegar breytingar á ákvæðum laga sem heyra undir málefna svið mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að tryggja að vinnsla persónuupplýsinga skv. lögnum samræmist persónuverndarlögum.

Frumvarpið hefur verið unnið í góðu samstarfi við sambandið og þar má finna nauðsynlegar lagabreytingar til að tryggja lagagrundvöll fyrir vinnslu persónuupplýsinga í leik- og grunnskólum. Við vinnslu frumvarpsins var horft til þess að afnema hindranir í skólakerfinu með því að veita þeim stofnunum og aðilum sem veita börnum lögbundna þjónustu heimildir til vinnslu nauðsynlegra persónuupplýsinga en gæta samhliða að því að réttindi einstaklinga séu tryggð. Hefur ráðuneytið náð vel utan um nauðsynlegar lagabreytingar vegna persónuverndar í starfsemi sveitarfélaga sem falla undir málefna svið þess.

Sambandið leggur þó til að ráðuneytið samræmi betur texta 1. mgr. í ákvæðum um vinnslu persónuupplýsinga í leik- og grunnskólalögum. Þar er fjallað um heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga en samræma þarf betur ákvæðin til að tryggja samræmda túlkun og æskilegt er að ekki sé sérstaklega vísað til nemenda með sérþarfir í grunnskólalögum.


Sambandið óskar einnig eftir því að gerð verði breyting á 3. mgr. 6. gr. leikskólalaga og 3. mgr. 11. gr. grunnskólalaga. Báðar þessar málsgreinar fjalla um að ekki sé heimilt að ráða til starfa aðila er hafa brotið gegn tilgreindum ákvæðum almennra hegningarlaga og að við ráðningu verði sakavottorð að liggja fyrir eða heimild fyrir skólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Sambandið leggur til að þessum greinum verði breytt á þann veg að forsenda fyrir starfi í leik- og grunnskóla sé að aðilar hafi ekki brotið gegn tilgreindum ákvæðum almennra hegningarlaga og að skylt sé að staðfesta slíkt við ráðningu en einnig verði heimilt að kalla eftir endurnýjun á sakavottorði. Í ljósi þess hvernig orðalag núverandi ákvæða er, þá er ekki lagaheimild til að óska eftir sakavottorði eftir að ráðning hefur átt sér stað en mikilvægt er að heimilt sé að kalla eftir staðfestingu á að starfsmenn uppfylli þetta skilyrði. Einnig er mikilvægt að fram komi að skilyrði fyrir starfi sé að þessi skilyrði séu uppfyllt svo það sé skýr lagagrundvöllur fyrir brottvikningu úr starfi ef skilyrði til ráðningar eru ekki lengur uppfyllt. Sambandið hvetur einnig ráðuneytið til að

skoða sambærileg lagaákvæði í öðrum lögum á málefnasviði ráðuneytisins og hvort tilefni sé til sambærilegra breytinga.

Sambandið þakkar fyrir gott samstarf við gerð frumvarpsins og leggur áherslu á að frumvarpið fari sem fyrst fyrir þing og að vinna við reglugerð um vinnslu persónuupplýsinga í leik- og grunnskólum hefjist sem fyrst.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Karl Björnsson', is written over a horizontal line.

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri